

FUNDARGERÐ

140. fundar fræðslunefndar Mýrdalshrepps.

Fundarstaður: Skrifstofa Mýrdalshrepps.

Fundartími: Þriðjudagur 22. maí 2007 kl. 16:00.

Mættir: Undirritaðir aðalmenn fræðslunefndar ásamt áheyrnarfulltrúum.

Ritari fundarins: Inger Schiöth

Formaður, Björgvin Jóhannesson setti fund og stjórnaði.

Gerðir fundarins:

Á fundinn eru mættar Aðalheiður Sigþórsdóttir leikskólastjóri, Hjördís Rut Jónsdóttir fulltrúi starfsmanna og Salome Valdimarsdóttir fulltrúi foreldra leikskólabarna.

I. Leikskólinn

1. Bréf Félags leikskólakennara dags. 15. mars 2007.

Lagt fram til kynningar.

2. Niðurstöður sjálfsmats.

Aðalheiður kynnr niðurstöður sjálfsmats sem framkvæmt var nú þriðja árið í röð. Þ.e. viðhorfskönnun foreldra var framkvæmd í annað sinn en ECERS kvarða starfsfólks í það þriðja.

3. Skipulagsdagar – bréf leikskólastjóra dags. 27. apríl 2007.

Aðalheiður leggur til að skipulagsdögum verði fjölgað úr tveimur í þrjá og telur að það geti komið sér vel t.d. varðandi skipulagningu námskeiða starfsfólks sem þá ættu frekar að geta setið saman námskeið. Erindið samþykkt samhljóða.

4. Bréf leikskólastjóra og deildarstjóra dags. 2. apríl 2007.

“Varðar bókun vegna “skólatíma í leikskóla””

Formaður gaf orðið laust og Aðalheiður kynnti fyrir nefndinni að sveitarstjórn hefði komið í heimsókn í leikskólann að undangengnu heimboði..

Hún lýsti ánægju með heimsóknina sem tókst vel. Sveitarstjórninni var kynnt starf leikskólans.

Leikskólastjóri og deildarstjóri gera grein fyrir hvernig fyrirkomulagi er háttað við að uppfylla kröfur aðalnámskrá leikskóla.

5. Bréf Kaupþings dags. 4.apríl 2007. – Efni: Grænmeti í alla leikskóla.

Aðalheiður kynnti efni bréfsins, þar sem Kaupþing banki vill leggja sitt lóð á vogarskálarnar til þess að auka grænmetisneyslu barna með því að gefa öllum leikskólum á landinu efni, áhöld, fræ, könnur og annað sem til þarf til að útbúa lítinn matjurtargarð.

Sveitarstjóri hefur úthlutað leikskólanum skika til verksins.

Fræðslunefnd lýsti ánægju sinni með verkefnið.

6. Ársskýrsla leikskólans fyrir skólaárið 2006-2007

Lagt fram til kynningar.

7. Önnur mál.

Aðalheiður, Hjördís og Salome yfirgefa fundinn.

Á fundinn er mættur Kristinn Jóhann Níelsson tónskólastjóri.

II. Tónskólinn

1. Önnur mál.

Kristinn upplýsti að vel hefði gengið á námskeiðunum sem hann kynnti til sögunnar á síðasta fundi þ.e. að kenna nemendum í 3.-4.bekk sem eru 2 og 3 saman í hóp. Vortónleikar tónskólans voru haldnir í Leikskálum 16.05.2007. Kristinn er þessa daga að sinna innra starfi Tónskólans og byrjar fljótt að undirbúa næsta skólaár. Lítil viðbrögð hafa verið við auglýsingu um starf kennara í tónskólanum. Verið að leita leiða til að finna kennara.

Kristinn yfirgefur fundinn.

Á fundinn eru mætt Kolbrún Hjörleifsdóttir skólastjóri og Gunnar Halldórsson fulltrúi kennara.

III. Grunnskólinn

1. Skólanámsskrá – almennur hluti.

Lagt fram til kynningar.

2. Skóladagatal 2007-2008

Helstu breytingar eru að vorskólinn er kominn inn á skóladagatal svo og er heilsuvikan komin til að vera.

Kennarafundur lagði einnig til að námsmat sé haft um miðjan desember í stað þess að hafa það um miðjan janúar.

Skóladagatal 2007-2008 er samþykkt

3. Skólahreysti – bréf dags. maí 2007.

Erindinu hafnað.

4. Önnur mál.

Kolbrún upplýsti að fulltrúar hefðu farið til kynningar á “”Uppeldi til ábyrgðar” Hún lýsti ánægju sinni með ferðina og verkefnið.

Einnig lýsti Kolbrún ánægju sinni á heilsuvikunni sem er nýafstaðin í skólanum.

Kolbrún upplýsti einnig um 18 hollenska skólastjóra er sækja skólann heim á morgun. Búið er að tvinna heimsókn þeirra saman við skólastarfið. Þ.e. nemendur kynna skólann sinn fyrir gestunum.

Bergþóra spurðist fyrir um starfsmannamál.

Engin viðbrögð hafa verið við sameiginlegri auglýsingu.

Kolbrún og Gunnar yfirgefa fundinn.

IV. Almenn

1. Fréttabréf Skólaskrifstofu Suðurlands.

Lagt fram til kynningar

2. Skólastefna.

Skólanefnd hefur haldið einn vinnufund vegna skólastefnu.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl:18:15

Inger Schiöth

Björgvin Jóhannesson
Formaður

Bergþóra Ástþórsdóttir

Guðný Sigurðardóttir

Andrína Guðrún
Erlingsdóttir